

Aðalfundur Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings haldinn í fjarfundarbúnaði miðvikudaginn 15. okt. 2025 kl. 16:00.

Mættir eru:

Hulda Kristjánsdóttir, formaður SVÁ og Árni Eiríksson, Flóahreppi.

Haraldur Þór Jónsson og Sýlvía Karen Heimisdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Ása Valdís Árnadóttir, Ragnheiður Eggertsdóttir, Dagný Davíðsdóttir og Smári B. Kolbeinsson, Grímsnes og Grafningshreppi.

Ásta Stefánsdóttir og Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð.

Aldís Hafsteinsdóttir og Jón Bjarnason, Hrunamannahreppi.

Auk þess sátu fundinn Anný Ingimarsdóttir deildarstjóri velferðarþjónustu og Gunnlaug Hartmannsdóttir deildarstjóri skólaþjónustu.

Hulda Kristjánsdóttir formaður stjórnar SVÁ setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

Formaður bar upp tillögu um að hún sjálf yrði fundarstjóri og Aldís Hafsteinsdóttir yrði ritari fundarins og myndi hún rita fundargerð í tölvu.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Mættir eru fulltrúar frá öllum sveitarfélögum og telst fundurinn löglegur

Hér var gengið til dagskrár:

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi ársins 2024.

Hulda Kristjánsdóttir formaður stjórnar fór yfir helstu störf stjórnar á árinu 2024.

Skýrsla stjórnar borin upp og samþykkt samhljóða.

2. Fjárhagsáætlun 2026.

Deildarstjórnar lögðu fram drög að fjárhagsáætlun á fundi stjórnar þann 13. október 2025 og samþykkti stjórn þar samhljóða að framlögð fjárhagsáætlun yrði lögð fyrir aðalfund. Farið var yfir helstu tölur í fjárhagsáætlun.

Fjárhagsáætlun 2026 borin upp og samþykkt samhljóða.

Samþykkt fjárhagsáætlun verður nú send á aðildarsveitarfélögin til kynningar.

3. Umfjöllun um breytingar á stofnsamningi byggðasamlagsins.

Fyrir aðalfundi liggur tillaga um breytingu á stofnsamningi sem tekur til breyttrar kostnaðarskiptingar vegna málefna fatlaðs fólks. Bráðabirgðaákvæði í stofnsamningi kveður á um að þessi kostnaðarskipting verði tekin til afgreiðslu eigi síðar en árið 2024. Árið 2024 samþykkti stjórn SVÁ aftur á móti að kostnaðarskiptingin yrði rædd og afgreidd á árinu 2025.

Formaður lagði fram eftirfarandi tillögu sem gerir ráð fyrir því að kostnaðarskipting í málefnum fatlaðs fólks verði skv. eftirfarandi:

40% skv. SIS mati (matskerfi til að meta stuðningsþarfir fatlaðs fólks)
60% skv. íbúafjölda hvers sveitarfélags

Miða skal við fjölda með SIS mat og íbúafjölda sveitarfélaganna 1. ágúst ár hvert við vinnslufjárhagsáætlunar komandi árs. Lagt er til að farið verði eftir ofangreindri kostnaðarskiptingu í eitt ár (2026) og staðan endurmetin tímanlega fyrir aðalfund 2026. Endurmat á kostnaði byggja á skráningu á vinnuframlagi starfsfólks í málaflokki fatlaðs fólks hjá byggðasamlaginu.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða. Verður þessi tillaga að breytingu á stofnsamningi send aðildarsveitarfélögum til endanlegrar samþykktar.

4. Ráðning löggilds endurskoðanda.

Hulda Kristjánsdóttir lagði fram tillögu um að KPMG sjái um endurskoðun og gerð ársreiknings byggðasamlagsins líkt og áður.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða að ráða KPMG sem endurskoðanda Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

5. Önnur mál.

Anný Ingimarsdóttir, deildarstjóri velferðarþjónustu og Gunnlaug Hartmannsdóttir, deildarstjóri skólaþjónustu fóru yfir helstu þætti úr starfsemi byggðasamlagsins árið 2024.

Rætt um málefni fatlaðs fólks og þá kostnaðarskiptingu sem fyrr á fundinum var samþykkt. Fundarmenn telja nauðsynlegt að rætt verði við ríkisvaldið um Sólheima og þá staðreynd að þar er um að ræða úrræði sem nýtist öllum landsmönnum og ekki er bundið við Suðurland. Því er ekki sanngjarnt að umtalsverður kostnaður falli á heimamenn í einu tilteknu sveitarfélagi vegna þjónustunnar. Fundurinn samþykkir að fela stjórn að vinna málið áfram og ræða við Bergrisann og ríkisvaldið um þessi atriði.

Fyrirspurn kom fram um stöðu á skýrslu vegna úttektar á starfsemi SVÁ og gerði formaður grein fyrir því að vinna við hana er á á lokastigi og verður endanleg skýrsla lögð fyrir stjórn fljótlega.

Að lokum þakkaði formaður fyrir gott samstarf en hér er um síðasta aðalfund núverandi kjörtímabils að ræða og óskaði formaður starfsmönnum og stjórn velfarnaðar í störfum sínum í framtíðinni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:15.

Aldís Hafsteinsdóttir, fundarritari